

**Ed.**

**627. Framhaldsnefndarátt**

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Báðar deildir Alþingis hafa nú lagt höfuðin í bleyti við að gera frumvarp þetta sem best úr garði. Hafði meiri hluti efri deildar lagt alla ábersluna á að tryggja bankann sem best fjárhagslega, og eigi síður yfirstjórn hans og eftirlit. Háttvirt neðri deild hefir nú dregið úr hvorutveggja að nokkrum mun, en þó ekki svo, að frv. sje fyrir þá sök alveg óaðgengilegt.

Meiri hlutanum er líka ljóst, að vel samín bankalöggjöf er ekki einhlít, og að eigi veltur minna á því, hvernig með hana er farið og hvernig henni er beitt. Veltur vitanlega mest á því, að vel hæfir menn verði valdir til þess að hafa yfirstjórn bankans á hendi, menn, sem kunnáttu hafa í viðskiftaefnum og sem eru bankanum óháðir. Alt veltur á því, að val yfirstjórnar bankans hepnist vel nú og framvegis. Og í því trausti, að valið takist vel, sættir meiri hlutinn sig við frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. maí 1927.

Björn Kristjánsson,  
form. og frsm.

Jónas Kristjánsson.

Jóhann Þ. Jósefsson,  
fundaskrifari.